

# BAKVERKINN BURT!

- Þáttur hönnuða -

Kannanir sýna að algengustu vinnutengdu óþægindin eru bakverkir, streita og vöðvaverkir í hand- og fótleggjum. Enn er algengt að starfsmenn vinni við slæmar vinnuáætlaðar staður sem fela í sér óheppilegt álag, t.d. síendurteknar vinnuhreyfingar, mikinn vinnuhraða, óþægilegar vinnustellningar, einhæfa vinnu með stuttum vinnuferlum og að handleika þungar byrðar. Ísland var ekki aðili að framangreindri könnun. Ekki er þó nein ástæða til að ætla að ástandið hérlandis sé betra en í grannlöndunum því rannsóknir sem gerðar hafa verið meðal þjóðarinnar og starfshópa sýna að óþægindi frá hreyfi- og stoðkerfi eru býsna algeng.

## Ábyrgð hönnuða

Hinn gífurlegi kostnaður vegna veikindafjarvista hefur án efa átt sinn þátt í að athyglin hefur í síauknum mæli beinst að áhrifum vinnu og vinnuumhverfis á heilsu og vellíðan starfsmanna. Framangreind könnun gefur glöggt til kynna að starfsmenn verða fyrir óheppilegu álagi vegna slæmrar vinnuáætlaðar, vinnuskipulags og tækni.

Í lögum um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum (nr. 46/1980) kemur skýrt fram að hönnuðir hafa mikilli ábyrgð að gegna í hönnun vinnustaða og vinnuumhverfis. Samkvæmt lögnum skulu þeir taka tillit til góðs aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis við hönnun búnaðar, framleiðslusamstæða, húsnæðis og annarra mannvirkja tengt atvinnurekstri. Ýmis önnur ákvæði laganna ná að sjálfsögðu einnig til hönnunar þó þess sé ekki sérstaklega getið, t.d. þar sem fjallað er um tilhögun og framkvæmd vinnu.

Ýmsar reglur hafa verið settar á grundvelli laganna sem kveða nánar á um skyldur aðila. Brýn nauðsyn er fyrir alla þá er leggja stund á hönnun að kynna sér gildandi reglur en þær er að finna á heimsíðu Vinnueftirlitsins ([www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is)). Reglur sem taka sérstaklega til forvarna gegn álagseinkennum eru *Reglur um öryggi og hollustu við að handleika byrðar* og *Reglur um skjávinnu*. Í reglum um húsnæði vinnustaða eru ýmis ákvæði sem eiga að stuðla að góðri vinnuáætlaðar með tilliti til líkamlegs álags og er m.a. fjallað um stillanleika búnaðar til að mæta þörfum einstakra starfsmanna. Einnig skal sérstaklega bent á að í reglum um vélar og tæknilegan búnað eru skýr ákvæði um öryggi og heilsuvernd sem taka þarf tillit til við hönnun.

## Breytingar á vinnuverndarlögnum

Ný lagaákvæði gera atvinnurekanda skylt að gera *skriflegt mat á áhættuþáttum í vinnuumhverfinu og áætlun um forvarnir* í samráði við fulltrúa starfsmanna, sbr. reglugerð nr. 920/2006. Forvarnirnar eiga að vera felldar inn í alla starfsemi fyrirtækisins á öllum þrepum. Breytingar þessar byggja á rammatilskipun Evrópusambandsins nr. 89/391 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum.

### **Framtíðin**

Ljóst er að áhersla og kröfur um forvarnir gegn atvinnutengdum óþægindum og sjúkdómum munu aukast í framtíðinni og mikilvægt að allir hlutaðeigandi aðilar séu vakandi fyrir því. Til að skapa gott vinnuumhverfi þarf markvisst samstarf lykilaðila svo sem

- stjórnenda
- starfsmanna
- hönnuða
- umsjónaraðila verklegra framkvæmda
- ráðgjafa í heilsuvernd á vinnustað

Mikilvægt er strax á hönnunarstigi framkvæmda að setja skýr markmið á sviði vinnuverndar, sem er svo fylgt eftir í öllu hönnunarferlinu. Samræmist það kröfu áðrunefndrar EB-tilskipunar um að forvarnarráðstafanir séu felldar inn í starfsemi fyrirtækja á öllum stigum. Því má gera ráð fyrir auknum kröfum frá þeim sem kaupa þjónustu hönnuða og ráðgjafa í framtíðinni um að vinnuumhverfi sé hannað þannig að það sé heilsusamlegt og öruggt. Bent á mikilvægi þess að nýta dýrmæta reynslu og þekkingu starfsmanna við hönnun nýrrar vinnuaðstöðu, húsnæðis og tækni. Gæta þarf þess starfsmenn komi nægilega fljótt inn í hönnunarferlið því breytingar á síðari stigum eru alltaf dýrari og erfiðari í framkvæmd.

Mönnum er orðið ljóst að velgengni fyrirtækja og samfélagsleg velmegun í framtíðinni mun byggja á því að fyrirtæki hafi heilbrigt, áhugasamt og vel þjálfað starfsfólk. Mikilvægt er allir leggi hönd á plóginn og stuðli að góðum vinnuaðstæðum, heilsu og líðan. Og þá bara ein spurning í lokin til þín lesandi góður – hefur þú bakið í huga við hönnun?